



Gistiheimilið er opið frá 25. maí - 15. september og á þessu tímabili er móttaka opin frá kl. 17:00-22:00. Utan þess tíma er að jafnaði hægt að hafa samband við rekstraraðila í farsíma.

Í íbúðinni á efri hæð hússins er boðið upp á gistingu í fimm 2ja manna herbergjum og einu 1-manns herbergi. Tvö sameiginleg salerni eru á efri hæðinni ásamt sturtum.

Á neðri hæð hússins eru tvö fjölskylduherbergi, eitt 4-manna og eitt 6-manna. Í þessum herbergjum er boðið upp á gistingu í tveggja manna kojum. Kynjaskipt salerni eru á neðri hæðinni sem og tvær sturtur.

Innifalið í gistingu er alltaf sæng, koddur og rúmföt. Ekki er búið um rúmin heldur gera gestir það sjálfir við komu.

Stór og rúmgóð eldhús er báðum hæðum sem gestir hafa aðgang að og eru þau búin öllum nauðsynlegum áhöldum. Á báðum hæðum er sameiginleg borðstofa og setustofa þar sem hægt er að horfa á sjónvarp, hlusta á tónlist, vafra um internetið, kíkja í blöð og bækur eða bara njóta útsýnisins. Gestir ættu að hafa í huga að ekki er boðið upp á veitingasölu og að það eru 35 km í næstu verslun.

Gisting

Skrifað af: Administrator - Síðast uppfært Mánudagur, 26. nóvember 2018 20:14

Fyrir nánari upplýsingar eða pöntun á gistingu vinsamlega hafið samband á netfangið broddanes@broddanes.is eða í síma 618 1830.